

Fundarboð

Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur á „Teams“, þriðjudaginn 11. febrúar 2025 kl. 17:00

Mætt voru: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Sigríður Stefánsdóttir, Kári Fannar Lárusson, Kristjana Valgeirsdóttir, Jón Baldvin Hannesson, Gísli Kort Kristófersson.

Boðuðu forföll: Eva Hrund Einarsdóttir og Hilmar Friðjónsson.

Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Dagskrá:

1. 100 ára afmæli Eyjafjarðardeildar Rauða krossins 29. janúar 2025.

Rauði krossinn við Eyjafjörð hélt upp á 100 ára afmæli deildarinnar 29. janúar s.l. Um 150 manns mættu í afmæliskaffi og nutu dagsins og samveru í húsakynnum deildarinnar við Viðjulund á Akureyri.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri á Akureyri hélt ávarp um mikilvægi starfsemi Rauða krossins, bæði í nærsamfélaginu sem og á erlendum vettvangi.

Þorsteinn K. Björnsson formaður deildarinnar og Ingibjörg E. Halldórsdóttir deildarstjóri stikluðu á stóru í yfirferð sinni á verkefnum deildarinnar síðustu 100 ár.

Sjálfbóðaliðarnir Eva Hrund Einarsdóttir stjórnarkona, Birna S. Baldursdóttir Hjálparsímanum 1717, Berglind Júlíusdóttir verkefnastýra Frú Ragnheiði og Jónas Þór Karlsson sjálfbóðaliði í aðgerðarstjórn almanna- og bakvaktarsíma Rauða krossins sögðu frá verkefnum sínum og af hverju þau ákváðu að gerast sjálfbóðaliðar. Sigríður Stefánsdóttir stjórnarkona og varaformaður Rauða krossins á Íslandi sá um fundarstjórn.

Tónlistarmaðurinn Rúnar Eff flutti hugljúf og falleg lög fyrir gesti og gangandi.

Á meðan á afmælisveislunni stóð tilkynnti Þorsteinn K. Björnsson formaður deildarinnar að í tilefni af 100 ára afmælisins hefði stjórn deildarinnar ákveðið að leggja 2 milljónir króna til neyðarsöfnunar Rauða krossins á Íslandi á Gaza. „Með þessu vill deildin

sýna samhug og stuðning við þá sem þurfa á hjálp að halda á þessum erfiðu tímum“.

Hilmar Friðjónsson sjálfbóðaliði í stjórn deildarinnar tók myndir.

Dagurinn var í heild sinni fallegur, góður og skemmtilegur og deildinni til mikils sóma.

2. Framlag til neyðarsöfnunar

Eftirfarandi bókun samþykkti stjórn Eyjafjarðardeildar utan fundar, „Í tilefni 100 ára afmælis Eyjafjarðardeildar hefur stjórnin ákveðið að leggja 2 milljónir til neyðarsöfnunar Rauða krossins á Íslandi fyrir íbúa Gaza.“

Stjórnin staðfestir ofangreinda samþykkt.

3. Fækkun stjórnarmanna í stjórn Eyjafjarðardeildar Rauða krossins.

Eftirfarandi tillaga að fækkun stjórnarmanna í stjórn Eyjafjarðardeildar úr níu í sjö og varamanna úr fjórum í tvo var samþykkt á síðasta stjórnarfundi 14. janúar 2025. „Deildarstjórnin verði skipuð sjö félögum að formanni meðtöldum auk tveggja varamanna. Kjósa skal því sem næst helmingi stjórnarmanna á hverjum aðalfundi til tveggja ára. Varamenn skulu vera tveir, kosnir til eins árs. Formaður er kosinn sérstaklega. Leitast skal við að skipan deildarstjórnarinnar endurspegli fjölbreytileika samfélagsins á starfssvæði deildarinnar svo sem með tilliti til kyns, þjóðernis og búsetu.“

Stjórnin samþykkir samhljóða að leggja fram ofangreinda tillögu á aðalfundi deildarinnar 13. mars 2025

4. Skipun í uppstillingarnefnd vegna stjórnarkjörs á aðalfundi.

Fyrir fundinum liggur tillaga um þrjá sjálfboðaliða í uppstillinganefnd en þeir eru: Sif Jóhannesar Ástudóttir úr Frú Ragnheiði, formaður nefndarinnar, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir úr flóttamannaverkefnum, og Jónas Þór Karlsson úr neyðarvörnum.

Stjórnin staðfestir framlagða tillögu.

5. Þróunarsjóður innflytjendamála 2024

Rauði krossinn á Íslandi fékk 3 milljóna króna styrk vegna umsóknar sem Róbert Theodórsson vann fyrir Rauða krossinn á Íslandi.

Stjórn Eyjafjarðardeildar lýsir ánægju með styrkveitinguna.

6. Viðjulundur, öryggiskerfi hússins.

Deildarstjóri gerir grein fyrir málinu.

7. Kynning á fjármögnun skaðaminnkunarverkefnisins.

Deildarstjóri gerir grein fyrir málinu.

8. Önnur mál.

Þorsteinn Björnsson form.

Undirritunarsíða

Formaður
Þorsteinn Kristinn Björnsson

Meðstjórnandi
Kári Fannar Lárusson

Ritari
Sigríður Stefánsdóttir

Meðstjórnandi
Gísli Kort Kristófersson

Varaformaður
Kristín Björk Gunnarsdóttir

Meðstjórnandi
Kristjana Valdey Valgeirsdóttir

Varamaður
Jón Baldvin Hannesson